

tilkynnt, að stjórnarráðið álítur það vitaskuld, að þér, eptir því sem nú er ástatt, án þess yður hafi sérstaklega verið fengið vald til þess, komið fram á alþingi sem konungsfulltrúi og gegnið öllum þeim störfum, sem á honum hvíla, og skal því með bréfi þessu, í von um að hans hátign konungurinn síðar fallizt á það, lagt samþykki á, að þér, eptir því sem gjört er ráð fyrir, til þessa hafið gegnt köllun konungsfulltrúa, og yður veitt vald til að halda áfram að gegna þeim starfa.

Þess skal við getið, að þeir 1,000 rdl., sem Melsteð amtmanni voru fengnir til umráða, sem konungsfulltrúa, og um er rætt í bréfi dómsmálastjórnarinnar til yðar 31. maím. þ. á., má landfógetinn nú greiða úr jarðabókarsjóðnum eptir fyrirmælum yðar, og gegn kvittun af yðar hendi, og verjið þér fénu til kostnaðar þess, sem því er samfara að vera konungsfulltrúi á alþingi.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um styrk til jarðabóta. 11. júlím.

Samkvæmt því, sem farið er fram á í bréfi yðar, herra amtmaður, 29. desemberm. f. á., leyfir dómsmálastjórnin, að Friðbirni Bjarnarsyni sé veittur 100 ríkisdala styrkur úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, til að halda áfram jarðabótum þeim, er faðir hans var byrjaður á, en aptur á mót sé hann skyldaður til að veita öðrum kennslu í landbúnaði. Þetta sé yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið það, er þarf í því efni.

42. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptsyfirvaldanna á Íslandi, um sameining Grímstungu brauðs við Undirfell. 27. júlím.

Eptir uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar, er samkvæmar voru bréfi yðar, herra stíptamtmaður, og yðar, há-

1861. æruverðugi herra, 7. febrúarm., er síðast leið, hefir hans há-
27. júlím. tign konungurinn 20. þ. m. allramildilegast fallizt á:

1. að Grímstungu brauð í Húnavatnssýslu í norður- og austur-
umdæminu á Íslandi sé lagt niður sem sérstakt brauð, en
sé með kirkju þeirri, sem þar er, lagt til Undirfells í sömu
sýslu, sem annexía.
2. að báðar kirkjurnar í brauði þessu, er þannig verði sam-
einað, skuli vera lènskirkjur (beneficiair-kirkjur), og að
prestinum á Undirfelli sé lögð á herðar ábyrgð á því, að
þeim sé við haldið eins og vera ber.

Þetta sé yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og
yður háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til
frekari framkvæmdar.

9. ágústm. **43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um „litla varningsbók“.**

Um leið og dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamt-
maður, 600 exempl. af bók, er Jón skjalavörður Sigurðsson hefir
samið, og gefin hefir verið út á kostnað stjórnarráðsins, um vöru-
afla á Íslandi og vöruverkun („Lítill varningsbók“), eruð þér beðnir
að útbýta ókeypis 150 exemplörum af bókinni, á þann hátt, er
yður þykir best við eiga, einkum til dugandis bænda í sudur-
umdæminu, en hlutast til um, að þau 450 exemplör, sem þá
eru eptir, verði höfð á boðstólum fyrir söluverð, er þykir hæfi-
lega metið til 40 skildinga á hverri bók.

Um það, hvernig út býtt verði bókinni og um sölu hennar,
ber að gjöra skýrslu og reikning, og senda hingað¹.

1) Sama dag voru amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og
amtmanninum yfir vesturumdæminu á Íslandi send 150 exemplör
af bók þessari, hvorjum fyrir sig, til gefins útbýtingar.